

Dreifibréf nr. 15/2002/LS

Breyting á afgreiðslutilhögun

Lyfjastofnun vill vekja athygli á breytingu sem tekur gildi um næstu áramót, en þá verður takmörkun á ávísunarheimild á Tabl. Ritalín® 10mg og Tabl. Amfetamín® 5mg miðað við hámark 30 daga skammt á hvern lyfseðil.

Með gildistöku reglugerðar 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, varð sú breyting, að læknaþurftu ekki lengur sérstaka heimild frá Landlækni (gul kort) til þess að mega ávísa þessum lyfjum.

Lyfjastofnun hefur nú í samráði við Landlækni ákveðið að takmarka ávísunarheimild á Tabl. Ritalín® 10mg og Tabl. Amfetamín® 5mg við 30 daga skammt. Breytingin tekur gildi frá og með 1. janúar 2003.

Lyfjaávisanir gefnar út fyrir ofangreinda breytingu halda gildi sínu samkvæmt þeim reglum, sem í gildi voru þegar þær voru gefnar út.

Lyfjastofnun